

Sunnudagsmorgun 15. nóvember 1987

Fundur settur kl. 10:30.

Fundarstjóri: Ingibjörg Sólrun Gísladóttir.

Fundarritrarar: Guðrún S. Gísladóttir og Margrét I.
Gunnarsdóttir.

1. Guðrún Jónsdóttir lagði fram rekstrarreikninga Samtaka um Kvennalista.

Ein fyrirspurn barst úr salnum um hvenær þyrfти að losa Víkina, Guðrún sagði að beðið væri eftir uppsagnarbréfi þar að lútandi.

2. Atvinnu- og byggðamál.

Framsöguk.: Vestfirðir, Arna Skúladóttir,
Norðurland eystra, Ásta Baldvinssdóttir.

Tilkynning - Steinunn Björg biður konur um að skrá sig á þátttökulista og borga þátttökugjald.

Framsöguerindi frh.

Suðurland, Guðrún Sveinsdóttir.

Tilkynning frá Guðrúnu Jónsdóttur. Hún biður konur utan af landi sem eiga eftir að fá greiddan ferðastyrk að gera það sem fyrst.

Framsöguerindi frh.

Vesturland, Sigrún Jóhannesdóttir.

Almennar umræður.

Helga Jóhannsdóttir ber upp ályktun - meðflutningsmenn: Danfríður og Birna. Efni: Haldin verði landsráðstefna um landbúnaðarmál (sjá ályktun).

Landsfundur Kvennalistans samþykkir að halda landsráðstefnu á sumri komandi um landbúnaðarmál og landnýtingu. Helga o.fl.

Kristín Jónsdóttir pakkaði góð og fróðleg erindi frá landsbyggðarkonum.

Eiríka Sigurhannesdóttir sagði frá ráðstefnu sem hún hafði nýlega setið (á Norðurlöndum) verkalyðs ath.

Kristín Karlsdóttir talaði um kvótamálið - varaði við að landsbyggðin missti þau forréttindi sem hún hefur í sambandi við kvótann.

Kristín Halldórsdóttir vill gera orð Sigrúnar Jóhannesdóttur "kveikjum ljós í stað þess að kvarta yfir

myrkrinu" að einkunnarorðum Kvennalistans. Telur brýnt að auka framboð á leiguþúsnaði fyrir landsbyggðarfólk sem kemur hingað til náms. Las upp úr Alþingistíðindum (ath.) um iðnráðgjafa. Fjölgun atvinnutækifæra verður mest í þjónustugeiranum, ekki í frumvinnslugreinunum. Konur flestar í þjónustunni.

Talaði um fullnýtingu sjávarafla, við hendum stórum hluta aflans, t.d. tindabykkju, lifur o.fl. Of lítið fé lagt í rannsóknir. Sagði að við mættum ekki hengja okkur um of í að engin byggðaröskun megi eiga sér stað, verður að vera eðlileg þróun. Lagði áherslu á fjölbreytni í atvinnumálum, mennta- og menningarmálum úti á landsbyggðinni. Benti á miklar framfarir í dreifbýlinu s.s. í heilbrigðis- og menntakerfinu. Minnti á 8. áratuginn þegar landsbyggðin sat fyrir í uppbyggingu í fiskiðnaði í gegnum Byggðastofnun, m.a., þá sátu Suðurnesjabyggðirnar eftir, voru ekki taldar með landsbyggðinni, hafa goldið návistar varnarliðsins. Varar við þeim vondu tækifærum. Sagði frá svæðaskiptingu hafssins umhverfis landið í sambandi við kvótann. Sagði frá hópvinnu Kvennalistans í sambandi við nýja fiskveiðistefnu.

Inger breytingartillaga - vill að landsráðstefna um landbúnaðarmál verði um byggðamál almennt.

Elín Ólafsdóttir les tillöguna með breyttu orðalagi - útvíkkaði hugmyndina, sagði frá ferð um Vestfirði 1987.

Fyrri tillaga (frá Helgu Jóh.) er þá fallin niður.

Tillaga lesin "Ráðstefna um landsbyggðamál".

Tilkynning Edda Magnúsdóttir kynnti hugmyndabanka - bað konur að setja snjallar hugmyndir í þar til gerðan kassa.

Ingibjörg Sólrun - fagnaði hugmynd um landsráðstefnu - fannst vanta heildarstefnu fyrir samtökin.

Elín Guðjónsdóttir: Fyrirspurn til Guðrúnar Sveinsdóttur varðandi kanínurækt sem nýja búgrein.

Danfriður svarar að komið hafi fram að kanínurækt geti aldrei orðið annað en aukabúgrein.

Kristín Blöndal þakkaði landsbyggðarkonum fróðleg og skemmtileg erindi, sagðist sakna þess að aldrei er minnst á ullina (hina gömlu, góðu!) - er ullarvinnslan að deyja í landinu?

Elín Guðjónsdóttir mikil fákunnátta í sambandi við prjónastofur og ullarvinnslu. Ráðstefnu á að halda á mánudag um framtíð ísl. ullarinnar. - Þarf að lögvernda einkaréttinn í sambandi við hönnun. Vantar fagfólk í framleiðsluna - hver sem er getur sett upp prjónastofur og selt vöru - getur eyðilagt markaði erlendis. Vantar samræmdar rannsóknir í ullariðnaði sem og í öðrum iðnaði.

Anna Guðrún þakkar góðar undirtektir fundargesta. Langar að gera smákönnun og sendir þátttakendum spurningalistu síðar til að vinna úr.

Spurt um greiningu á þeli og togi.

Svar: Verksmiðjan í Bárðardal væntanleg greining og vinnsla?

Guðrún Agnarsdóttir sagði frá konu í Kanada sem greinir ull í þel og tog og stingur upp á að konur á Íslandi nýti sér þennan möguleika.

Sigríður Þorvaldsdóttir las kafla úr bók eftir Winnie Mandela. "Konurödd utan úr heimi".

Matarhlé kl. 13:00.